



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

Ú. (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Hólmfríður Sigurðardóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. júní 2006


Tilvísun: UST20060500131/bs


**66 kV jarðstrengur milli Hellu og Hvolsvallar, Rangárþingi ytra og Rangárþingi eystra.
Tilkynning um matsskyldu**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 23. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Um er að ræða 66 kV jarðstreng sem fyrirhugað er að grafa í jörð milli Hellu og Hvolsvallar. Strengurinn mun að mestu leyti liggja innan veghelgunarsvæðis Hringvegur 1 sem þegar hefur verið umbylt vegna vegaframkvæmda auk þess sem Vegagerðin hefur grætt upp viðkomandi svæði. Umrætt svæði er ekki á náttúruminjaskrá og við framkvæmdina verður hvorki raskað jarðmyndunum né vistkerfum sem njóta skulu sérstakrar verndar sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Helgi Jónsson
Forstöðumaður